

Þessi umbótaáætlun er sameinaður umbótalisti ytra- og innra mats Djúpavogsskóla.

Umbótaáætlunin horfir til ársins 2023 og er í sífelldri endurskoðun innan skólans.

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig	Staða í júní 2021
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>						
<ul style="list-style-type: none"> Auka hlutfall réttindakennara í kennslu 	<p>Auglýsa Djúpavog sem góðan búsetukost og skólann sem góðan vinnustað auk þess að styðja áfram vel við þá starfsmenn sem kjósa að mennta sig til starfsins. Auka hlutfall réttindakennara um 2% á ári til ársins 2023.</p> <p>Núverandi staða: <i>Auglýsingar birtar í gegnum Alfreð og deilt á samfélagsmiðla, heimasíðu skólans, heimasíðu Múlaþings og víðar. Skólinn er auglýstur sem Cittaslow og teymiskennsluskóli. Í desember 2022 eru átta með kennsluréttindi og fimm leiðbeinendur í námi til kennsluréttinda. Vorið 2023 fá þrjú leiðbeinendur kennsluréttindi og tveir langt komnir með sitt nám. Í góðum farvegi.</i></p>	Jan 2021	2023	Sveitarstjórn og skólastjórnendur.	Hlutfall réttindakennara reiknað á hverju hausti.	Í ferli,skrá hlutfall kennara haustið 2021
				Núverandi staða: <i>Skoðað vel á hverju ári.</i>	Núverandi staða: <i>Skólastjóri með aðstoð verkefnastjóra mannaúðs.</i>	Núverandi staða: <i>Endurmetið á hverju vori.</i>

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línunum eftir þörfum.

<ul style="list-style-type: none"> Ljúka við að uppfæra nýja heimasíðu skólans með öllum nauðsynlegum upplýsingum. 	<p>Setja mannauð og laun í að vinna að uppfærslu síðunnar.</p> <p>Núverandi staða: Vegna manneklu á skólaárunum 2020- 2022 var einungist hægt að setja inn nauðsynlegustu upplýsingar á heimasíðuna. Haustið 2022 tóku tveir starfsmenn að sér að halda utan um heimasíðuna, fara vel yfir það efni sem er þar og uppfæra það sem þarf. Fréttabréf sem skólastjóri sendir vikulega er sett á heimasíðu skólans. Í fréttabréfinu má sjá skipulag fyrir hverja viku auk fréttu og helstu upplýsinga.</p>	Des 2020	Maí 2021 <p>Núverandi staða: Búið að setja mannauð og laun í að vinna að uppfærslu síðunar. Samkvæmt áætlun á verkefnið að verði langt komið í janúar 2023, en er í stöðugri þróun.</p>	Sveitarstjórn og skólastjórnendur. <p>Núverandi staða: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og verkefnastjóri.</p>	Farið yfir síðuna í febrúar og mars 2021 til að skoða hvort að hún birti allar nauðsynlegar upplýsingar. <p>Núverandi staða: Endurskoðað í maí 2023 og núverandi verkefnaáætlun endurskoðuð.</p>	Í ferli,
<ul style="list-style-type: none"> Skrá verklag um á hvern hátt gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt í námi og kennslu. 	<p>Kanna hvernig þessu er háttað í öðrum skólum sveitarfélagsins og nota það verklag til hliðsjónar.</p> <p>Núverandi staða: Í stöðugri vinnslu og í góðum farvegi eftir sameiningu inn í Múlaþing. Búið að ráða skólahjúkrunarfræðing við skólann sem heldur utan um gögn um líðan nemenda. Mánaðarlegir fundir með nemendavendarráði og Austurlandsteymir þar sem gerð er</p>	Jan 2021	April 2021 <p>Núverandi staða: Í stöðugri þróun og endurskoðun.</p>	Skólastjórnendur í samvinnu við fræðslustjóra. <p>Núverandi staða: Skólastjóri og verkefnastjóri stoðþjónustu í samstarfi við Austurlandsteymi, Skólaþjónustu Múlaþings og</p>	Í lok apríl verður skoðað hvort verklagið er tilbúið. Í byrjun október 2021 kannað hvort verklagið er notað. <p>Núverandi staða: Endurmetið í maí 2023.</p>	Í ferli, færast til september 2021, vegna Covid-19.

	<p>áætlun um nám og líðan nemenda og fylgt eftir af stoðþjónustuteymi. Fundargerðir vistaðar hjá ALL teymi og aðgengilegar fulltrúum í teyminu. Stoðþjónustuteymi aðstoðar kennara við gerð einstaklingsnámskrár þegar við á og verkefnastjóri stoðþjónustu heldur utan um skráningu á árangri nemenda s.s. lesskimanir og fleira. Unnið í samvinnu við Skólaþjónustu Múlapings. Í góðum farvegi.</p>			skólahjúkrunarfræðing.		
<ul style="list-style-type: none"> • Kennarar geri skólastjórnanda grein fyrir með reglubundnum hætti á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu. 	<p>Teymi gera grein fyrir því hvernig þau vinna að auknum gæðum náms og kennslu í sínum teyjum. Þetta er gert á kennarafundi að minnsta kosti einu sinni á önn.</p> <p>Núverandi staða: Vegna manneklu og Covid á skólaárunum 2020-2022 reyndist flóknara að halda staðfundi og töluverður fundartími fór í skipulag vegna Covid.</p> <p>Kennarar voru hvattir til að senda vikulega pósta á skólastjóra með þessum upplýsingum, til viðbótar við fundargerðir fag- og teymisfunda.</p>	Jan 2021	Maí 2023	Skólastjórnendur í samvinnu við kennara.	Fundargerðir frá kennarafundum þar sem kynning fer fram. Umfjöllun sett í sjálfsmatskýrslu á hverju vori.	Í ferli, færist til september 2021, vegna Covid-19.
			<p>Núverandi staða: Í góðum farvegi og í stöðugri þróun.</p>	<p>Núverandi staða: Skólastjórnendur í samvinnu við kennara.</p>	<p>Núverandi staða: Verður endurskoðað í janúar 2023 þegar stjórnendateymið verður fullmannað. Stjórnendur gera áætlun um að koma reglulega inn á teymisfundi þar</p>	

	<p><i>Einnig voru kennarar hvattir til að senda skólastjóra fréttir og myndir úr skólastarfi sem skólastjóri birti í vikulegu fréttabréfi sem sent er á foreldra og starfsmenn.</i></p> <p><i>Skólaárið 2022-2023 eru markvissir fag- og teymisfundir í hverri viku auk þess sem Djúpavogsskóli er á öðru ári í innleiðingu á Leiðsagnarnámi ásamt skólum í Múlaþingi, undir leiðsögn Miðstöð skólaþróunar hjá HA. Djúpavogsskóli er einnig á þriðja ári í innleiðingu á teymiskennslu.</i></p> <p><i>Fundargerðir fag- og teymisfunda eru vistaðar á sameiginlegum svæðum, í samræmi við reglur um slíkt í Múlaþingi. Auk þess sem allir starfsmenn fá senda fundargerð fagfundar. Búið er að samræma samræma fundargerðarform fyrir öll teymi.</i></p> <p><i>Frá hausti 2022 hefur náðs að vinna markvissara að því að efla uppbyggilega námsmenningu, aðlaga kennsluáætlanir að Leiðsagarnámi og Cittaslow námskrá.</i></p>				<p><i>sem unnið er með þessa þætti.</i></p> <p><i>Endurskoðað í maí 2023.</i></p>	
--	--	--	--	--	---	--

<ul style="list-style-type: none"> • Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf. 	<p>Stjórnendur geri áætlun um heimsóknir í tíma hjá öllum teyllum einu sinni á önn. Einnig skal hafa í þeirri áætlun skipulag heimsókna í list og verkgreinatíma sem og íþróttir og sund. Gera þarf stutt matsblað sem hægt er að styðjast við í samtali eftir skipulagðar heimsóknir í tíma.</p> <p>Núverandi staða: <i>Í ferli, vinna við matsblað og áætlun um heimsóknir frestast til janúar 2023 vegna manneklu. Skólaárið 2021-2022 var ekki starfandi aðstoðarskólalastjóri við skólann né virkt stjórnendateymi sem varð til að verkefnið frestaðist.</i></p> <p><i>Haustið 2022 er starfandi stjórnendateymi, skólalastjóri, aðstoðarskólalastjóri, verkefnastjóri stoðþjónustu og verkefnastjóri/leiðsagnarkennari. Leiðsagnarkennari leiðbeinir nýjum starfsmönnum, heldur utan um kennaranema og fer í vettvangsferðir og veitir endurgjöf. Við skólann er nú starfandi öflugt stjórnendateymi sem eflsti enn frekar</i></p>	<p>Heimsóknir hefjast í febrúar 2021. Matsblað verður aðlagð samhliða heimsóknum í tíma.</p>	<p>Heimsóknir alltaf í gangi. Matsblaðið tilbúið í maí 2021</p> <p>Núverandi staða: <i>Í stöðugri þróun.</i></p>	<p>Skólalastjórnendur í samvinnu við fræðslustjóra.</p> <p>Núverandi staða: <i>Stjórnendateymi.</i></p>	<p>Tekið saman í sjálfsmatskýrslu 2021</p> <p>Núverandi staða: <i>Verður endurskoðað í maí 2023.</i></p>	<p>Í ferli, áætlun kláruð í ágúst 2021, vegna Covid-19.</p>
---	---	--	--	---	--	---

	<i>um áramót. Stjórnendateymi hefur það á stefnuskrá að skipta með sér heimsóknum í alla bekki og veita starfsmönnum endurgjöf. Í góðum farvegi</i>					
<ul style="list-style-type: none"> Leita leiða til að gera foreldra að þátttakendum í mikilvægum ákvarðanatökum um þróun og skipulag skólstarfsins. 	<p>Kynna hlutverk foreldrafélags og skólaráðs fyrir foreldrum og hvernig það getur haft áhrif á þróun og skipulag skólstarfsins fyrir hönd foreldrasamfélagsins.</p> <p>Bjóða upp á opna fundi einu sinni á önn þar sem stefna og þróun í skólstarfinu er rædd og foreldrar geta komið með innlegg og tekið þátt í vinnunni.</p> <p>Núverandistaða: Foreldrar hafa fengið kynningu á skólaráði á fundum með skólastjóra, bæði staðfundum og Teams fundum (á Covidtíma). Á skóladagatali 2021-2022 var gert ráð fyrir skólaþingi í upphafi, og við lok skólaárs. Fresta þurfti fyrra skólaþinginu vegna Covid en fyrsta skólaþing í Djúpavogsskóla var haldið í maí 2022. Ráðinn var óháður aðili til að stýra skólaþinginu og voru nemendur gerðir ábyrgir og virki stjórnendur.</p>	Maí 2021 fyrsti opni foreldrafundurinn með þessum tilgangi.	Maí 2023	Skólastjórnendur, foreldrafélag og skólaráð.	Fjallað um fundina með foreldrum og niðurstöður þeirra í sjálfsmatsskýrslu skólans á hverju vori.	Í ferli, vegna Covid-19 færasta opnir fundir (skólaþing) á haust 2021 og vor 2022.
			Núverandi staða: Í stöðugri þróun, skólaþing á skóladagatali í maí 2023. Foreldrum boðið að koma í smærri hópum og rýna skólstarfið og koma með hugmyndir að	Núverandi staða: Skólastjórnendur, foreldrafélag og skólaráð.	Núverandi staða: Endurmetið á hverju ári og fjallað um fundina með foreldrum og niðurstöður þeirra í sjálfsmatsskýrslu skólans á hverju vori.	

	Skólalæping er á skóladagatali í maí 2023. Skólalæstjóri sendir vikuleg fréttabréf til foreldra og starfsmanna þar sem hvatt er til samstarfs milli heimilis og skóla. Gott samstarf við Foreldrafélag Djúpavogsskóla.		<i>úrbótum og þróun skólalæstarfsins.</i>			
<ul style="list-style-type: none"> • Huga að virkri þátttöku skólalæráðs í stefnumótun skólans samkvæmt reglugerð þar um. 	<p>Stjórnendur gera áætlun yfir fasta fundartíma með skólalæráði tvisvar á önn og oftár ef á þarf að halda. Boða skólalæráð sérstaklega á opna vinnufundi með foreldrum.</p> <p>Núverandi staða: <i>Þrátt fyrir heimsfaraldur og mannekleu hefur skólalæráð náð að funda reglulega. Skólalæráð áætlar að funda í janúar og maí 2023.</i></p>	Maí 2021	Maí 2023	Skólalæstjórnendur.	Fjallað um fundina með foreldrum og niðurstöður þeirra í sjálfsmatsskýrslu skólans á hverju vori.	Í ferli, tekið fyrir á skólalæpingi í september 2021.
<ul style="list-style-type: none"> • Skrá fundargerðir þróunarteyma og gera þær sýnilegar og opinberar. 	<p>Kanna hvernig þessu er háttað í öðrum skólum sveitarfélagsins og innleiða sama verklag.</p> <p>Núverandi staða: <i>Fundargerðir eru sýnilegar á sameiginlegu svæði starfsfólks auk þess sem þær eru sendar til allra starfsmanna í tölvupósti, unnið er að því að efla þetta enn frekar í samræmi</i></p>	Janúar 2021	Apríl 2021		Í lok apríl verður skoðað hvort verklagið er tilbúið. Í byrjun október 2021 kannað hvort verklagið er notað.	Í ferli, verklag klárað í ágúst 2021.

	<i>við vinnureglur skóla og stofnana í Múlaþingi, m.a.með því að vinna skjalavistunaráætlun skólans. Áhersla er lögð á að bæta upplýsingaflæði t.d. með því að hafa upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku. Fundargerðaðform fyrir teymisfundi er tilbúið og vistað á sameiginlegu svæði starfsmanna. Starfsmenn og skólastjórnendur upplýsa foreldra eftir þörfum m.a. í vikulegu fréttabréfi.</i>		Núverandi staða: <i>Í stöðugri þróun.</i>	Núverandi staða: <i>Stjórnendateymi.</i>	Núverandi staða: <i>Endurskoðaða í maí 2023.</i>	
<p>• Skrá verklag vegna mála er varða samskiptavanda milli starfsmanna og upplýsa formlega um leiðir til úrlausnar.</p>	<p>Kanna hvernig þessu er háttað í öðrum skólum sveitarfélagsins og nota það verklag til hliðsjónar. Vinna með fræðslustjóra.</p> <p>Núverandi staða: <i>Unnið eftir mannauðsstefnu og siðareglum Múlaþings. Vinnureglur, leiðbeiningar og eyðublöð sýnileg á sameiginlegu svæði starfsfólks í Múlaþingi. Uppfært reglulega af verkefnastjóra mannauðs og fræðslustjóra og kynnt reglulega á starfsmannafundum. Búið að vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun Djúpavogsskóla að beiðni Vinnueftirlits um félagslegt öryggi starfsmanna.</i></p>	Janúar 2021	Apríl 2021	Skólastjórnendur í samvinnu við fræðslustjóra.	Í lok apríl verður skoðað hvort verklagið er tilbúið. Í byrjun október 2021 kannað hvort verklagið er notað.	Í ferli,
			Núverandi staða: <i>Í góðu ferli, stöðugt í athugun.</i>	Núverandi staða: <i>Stjórnendateymi, fræðslustjóri og verkefnastjóri mannauðs í Múlaþingi.</i>	Núverandi staða: <i>Endurmetið á hverju ári.</i>	

<ul style="list-style-type: none"> • Birta á heimasíðu upplýsingar um nemendafélagið, stjórn og starfsáætlun. 	<p>Gerð hefur verið áætlun um birtingu.</p> <p><i>Núverandi staða: Unnið að því að uppfæra heimasíðu skólans. Flestar þessar upplýsingar eru aðgengilegar þar og stefnan er að allar upplýsingar verði komnar inn í lok janúar 2023.</i></p>	<p>Janúar 2021</p>	<p>Janúar 2021</p> <p><i>Núverandi staða: Í vinnslu og stöðugri skoðun.</i></p>	<p>Skólastjórnendur.</p> <p><i>Núverandi staða: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og verkefnastjóri.</i></p>	<p>Í lok apríl verður skoðað hvort að upplýsingar séu aðgengilegar á heimasíðunni.</p> <p><i>Núverandi staða: Endurskoðað á hverju ári.</i></p>	<p>Í ferli, klárað í september 2021.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Móta verklag fyrir nemendur sem sitja í nefndum og ráðum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans. 	<p>Kanna hvernig þessu er háttað í öðrum skólum sveitarfélagsins og innleiða sama verklag.</p> <p><i>Núverandi staða: verklag fyrir nemendur er aðgengilegt á heimasíðu skólans og hefur verið kynnt öðrum nemendum.</i></p>	<p>Janúar 2021</p>	<p>Apríl 2021</p> <p><i>Núverandi staða: Lokið/í stöðugri skoðun.</i></p>	<p>Skólastjórnendur í samvinnu við fræðslustjóra.</p> <p><i>Núverandi staða: Stjórnendateymi.</i></p>	<p>Í lok apríl verður skoðað hvort verklagið er tilbúið. Í byrjun október 2021 kannað hvort verklagið er notað.</p> <p><i>Núverandi staða: Endurskoðað á hverju ári.</i></p>	<p>Í ferli, rætt á skólaþingi í september 2021.</p>

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig	Staða í júní 2021
Svið II – Nám og kennsla						
<ul style="list-style-type: none"> Sjá til þess að val nemenda á elsta stigi uppfylli viðmið gildandi aðalnámskrár þegar heildartími hvers skólaárs er tekið saman. 	<p>Greining hefur farið fram á viðmiðunarstundarskrá og ný stundartafla verður gerð með breytingu í upphafi nýrrar annar.</p> <p><i>Núverandi staða:</i> Búið að greina stöðuna og sjá til þess að val nemenda uppfylli viðmið og sé fjölbreytt.</p>	Janúar 2021	Janúar 2021	Skólastjóri ásamt náms- og starfráðgjafa og fulltrúa kennara.	Endurmat á kennarafundi í lok febrúar og lokamat í lok skólaárs.	Greiningu lokið. Endurmat fyrir haust 2021.
<ul style="list-style-type: none"> Tengja vinnu með grunnþætti og lykilhæfni menntunar betur inn í greinanámskrá og kennsluáætlanir. 	<p>Fastir vinnufundir með kennurum. Þar sem farið er yfir 6 viðmið sem skólinn hefur sett sér til að efla gæði náms og kennslu.</p> <ol style="list-style-type: none"> Hvernig hægt er að tengja lykilhæfni og grunnþætti menntunar í kennsluáætlun ásamt tengingu við námsmat. Leiðir í skipulagningu kennslu til að virkja alla nemendur. Hvernig hægt er að nota fjölbreytta kennsluhætti með fjölbreyttum verkefnum. Leiðir til að hafa fjölbreytt verkefnaskil og námsmat. 	Febrúar 2021	Maí 2023	Skólastjóri, Aðstoðaskólastjóri, Fulltrúi kennara.	Endurmetið á vinnufundið kennara í maí 2021, maí 2022, maí 2023. Rýnt í kennsluáætlanir og kynningar teyma á því hvernig þau vinna að því að bæta skólastarfið samkvæmt 6 þáttum sem skólinn hefur sett sem viðmið.	Í ferli, vegna Covid-19 færast vinnufundur til ágúst 2021, þar sem rýnt verður í kennsluáætlanir.

	<p>5. Áherslur á samvinnu nemenda og samvinnuverkefni. 6. Hvernig hægt er að kynna nemendum markmið verkefna og tengsl þeirra við námsmat. Farið yfir grunnþætti menntunar og unnið með tenginu við kennsluáætlanir og skólastarf. Tengja lykilhæfni markvisst inn í greinanámskrárvinnu.</p> <p>Núverandi staða: Veggspjald með ofangreindum viðmiðum sem skólinn hefur sett sér til að efla gæði náms og kennslu er sýnilegt í öllum kennslustofum og vinnurýmum skólans. Unnið með viðmiðin á föstum fag-og teymisfundum auk þess að skólinn er á öðru ári í innleiðingu á Leiðsagnarnámi og kennsluáætlanir unnar í samræmi við það og aukin áhersla á lykilhæfni. Í góðum farvegi.</p>		<p>Núverandi staða: Í góðum farvegi og stöðugri þróun.</p>	<p>Núverandi staða: Stjórnendateymi.</p>	<p>Núverandi staða: Endurskoðað á hverju ári með því að rýna í kennsluáætlanir og hvetja teymin til að kynna með hvaða hætti þau vinna að því að bæta skólastarfið samkvæmt 6 þáttum sem skólinn hefur sett sem viðmið.</p>	
--	--	--	---	---	--	--

<ul style="list-style-type: none"> Efla þarf virkni nemenda og trú þeirra á eigin getu til náms. 	<p>Áhersla á lífsleikni í öllum árgöngum. Kennarar skila kennsluáætlun til skólastjórnenda við upphaf hvernar annar, þar sem þeir sýna með hvaða hætti lífsleikni er kennd og hvernig hún er tengd Uppeldi til ábyrgðar, hugmyndafræði Cittaslow og framtíðarsýn skólans. Efla náms- og starfsráðgjöf.</p> <p>Núverandi staða: Í ferli, vegna Covid þurfti að fresta vinnu með KVAN til haustsins 2022. Djúpavogsskóli er nú þátttakandi í því verkefni sem hefur það að markmið að efla nemendur sem jákvæða leiðtoga. Verkefnið er unnið undir stjórn Vöndu Sigurgeirsdóttur í samstarfi við félagsmiðstöðvar í Múlaþingi. Auk þess hefur verið lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluáðferðir í lífsleikni og m.a. í gegnum leiklist sem var fast í stundartöflu allra nemenda. Unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar og verið að innleiða</p>	Janúar 2021	Maí 2023	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, náms- og starfsráðgjafi.	Skólapúlsinn mælir reglulega virkni nemenda og trú þeirra á eigin getu. Niðurstöður notaðar til að endurskoða aðgerðir ef á þarf að halda. Núverandi staða: Endurmetið á hverju ári, næst í maí 2023.	Í ferli, aukin lífsleikni haustið 2021 auk þess að leggja áherslu á verkfærakistu KVAN og foreldrasamstarf.

	<p><i>Leiðsagnarnám og kennsluáætlanir unnar í samræmi við það. Kennsluáætlanir eru aðgengilegar nemendum og foreldrum á Mentor.is</i></p> <p><i>Í gegnum Leiðsagnarnám er áhersla á að virkja nemendur til ábyrgðar á eigin námi. Nemendur í Djúpavogsskóla eru með daglega samveru fasta í stundartöflu þar sem áhersla er á að efla félagsfærni, seiglu og vaxandi hugarfar.</i></p>					
<ul style="list-style-type: none"> • Nýta heildarniðurstöður sem skólinn fær á samræmdum könnunarprófum markvisst til að efla árangur. 	<p>Greina niðurstöður samræmdra prófa og gera áætlun fyrir árganga og/ eða einstaklingsnámsskrá þar sem við á. Kennarar upplýsa stjórnendur reglulega. Greiningarvinna er hafin.</p> <p>Núverandi staða: <i>Vegna mannekle var hvorki stjórnenda- né stoðþjónustuteymi starfandi við skólann á skólaárinu 2021-2022 en skólaárið 2022-2023 hefur stoðþjónusta verið eflað og verkefnastjóri stoðþjónustu vinnur að því að koma þessu í góðan farveg og styður við gerð einstaklingsáætlana. Skólaþjónusta</i></p>	Desember 2020	Maí 2021	Skólastjóri, Aðstoðarskólastjóri, Fulltrúi kennara.	Í mars 2021 og 2022 eru þeir þættir sem unnið er með metnir út frá nýju námsmati. Áætlanir uppfærðar í takt við niðurstöður. Í maí 2023 verður gerð greining á þróuninni út frá aðgerðum.	Í ferli, stoðþjónusta eflað haustið 2021.

	<i>Múlaþings hefur reglulega viðveru í Djúpavogsskóla og veitir starfsfólki ráðgjöf t.d. varðandi lesfimiþróf og fleira. Í góðum farvegi.</i>		<i>út frá þeim könnunarþrófum sem lögð eru fyrir.</i>			
<ul style="list-style-type: none"> Greina slakan árangur í stærðfræði á unglíngastigi og bregðast við og vinna stærðfræðistefnu í Djúpavogsskóla. 	<p>Greiningarvinna hafin. Nemendur í 10. bekk verða teknir úr samkenndu í stærðfræði með yngri bekkjum og fá einstaklingsáætlun til að vinna eftir. Áhersla á stærðfræði í öllum árgöngum tvisvar á önn og teymin vinna að sameiginlegu skipulagi/áætlun í stærðfræðikenndu.</p> <p>Endurmenntun í stærðfræði á öllum stigum. Sett inn í endurmenntunaráætlun fyrir 2021-2022.</p> <p>Núverandi staða: <i>Haustið 2020 var brugðist við stöðunni (sjá hér ofar). Í framhaldi unnið að því að innleiða Skapandi stærðfræði á öllum stigum skólans. Við skólann hefur verið stofnað stærðfræðiteymi og búið að setja fræðslu um Skapandi stærðfræði inn í endurmenntunaráætlun. Aukin áhersla á fjölbreytta kennduhætti í skólanum s.s.</i></p>	Desember 2020	Mái 2023	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og stærðfræðikennarar.	Nemendur á unglíngastigi taka stærðfræðikenndun í mars 2021, í mars 2022 og í mars 2023.	í ferli, aukin áhersla á teymiskenndu í stærðfræði haustið 2021.
			Núverandi staða: <i>Lokið/í stöðugri þróun.</i>	Núverandi staða: Stjónenda- og stærðfræðiteymi.	Núverandi staða: <i>Vorið 2023 þarf að greina stöðuna á ný og fjalla um niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu 2023.</i>	

	<i>lotukennsla þar sem stærðfræði er samþætt öðrum námsgreinum. Áfram er unnið að gerð stærðfræðistefnu Djúpavogsskóla.</i>					
<ul style="list-style-type: none"> Tengja betur markmið sem stefnt er að við nám og kennslu sem fram fer hverju sinni. 	<p>Unnið eftir 6 viðmiðum sem skólinn hefur sett sér að vinna eftir til að efla gæði náms og kennslu.</p> <ol style="list-style-type: none"> Að setja lykilhæfni og grunnþætti menntunar í kennsluáætlun og hafa lykilhæfnina alltaf að leiðarljósi. Finna leiðir til að virkja alla nemendur við skipulagningu kennslu. Nota fjölbreytta kennsluhætti með fjölbreyttum verkefnum. Hafa fjölbreytt verkefnaskil og fjölbreytt námsmat. Leggja áherslu á samvinnu nemenda og samvinnuverkefni. 	Jan 2021	Mái 2023	Skólastjórnendur og kennarar.	<p>Endurmetið á vinnufundið kennara í maí 2021, maí 2022, maí 2023. Rýnt í kennsluáætlanir og kynningar teyma á því hvernig þau vinna að því að bæta skólastarfið samkvæmt 6 þáttum sem skólinn hefur sett sem viðmið.</p> <p>Viðhorf nemenda mæld í Skólapúlsi á hverju ári og í samtölum með stjórnendum í maí 2021, 2022 og 2023.</p>	Í ferli, vegna Covid-19 færast vinnufundur til september 2021.

	<p>6. Kynna nemendum markmið verkefna og tengsl þeirra við námsmat.</p> <p>Núverandi staða: Í góðum farvegi skólaárið 2022-2023 með innleiðingu á Leiðsagnarnámi og áherslu á fjölbreytta kennsluhætti s.s. lotukennslu og samþættingu námsgreina. Kennsluáætlanir hafa verði samræmdar og eru aðgengilegar nemendum og foreldrum.</p>		<p>Núverandi staða: Í góðum farvegi og stöðugri þróun.</p>	<p>Núverandi staða: Stjórnendateymi og kennarar.</p>	<p>Núverandi staða: Viðhorf nemenda mæld í Skólapúls og niðurstöðum skólaþings. Skólastjóri fundar einnig reglulega með nemendaráði. Kennarar upplýsa stjórnendur um með hvaða hætti unnið er með þessi atriði.</p>	
<ul style="list-style-type: none"> Efla enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum með áherslu á virkni og þátttöku nemenda. 	<p>Námskeið fyrir öll teymi á fjölbreyttum kennsluaðferðum. Jafningjafræðsla vorönn 2021 Áhersla á samþættingu námsgreina. Kennarar skila kennsluáætlunum þar sem kennsluaðferðir koma skýrt fram, unnið eftir þeim 6 þáttum sem skólinn hefur sett sér til að efla gæði náms og kennslu.</p>	Febrúar 2021	Maí 2023	Skólastjórnendur og kennarar.	Endurmetið á vinnufundi kennara maí 2021, 2022 og 2023. Rýnt í kennsluáætlanir og kynningar teyma á því hvernig þau vinna að því að bæta skólafarfið samkvæmt 6	Í ferli, vegna Covid-19 færast vinnufundur til september 2021.

	<p>Núverandi staða: Unnið að því að innleiða Lotukennslu. Þar sem áhersla er á fjölbreyttar kennsluaðferðir, athafnamiðaðnám, samættingu námsgreina og virka þátttöku nemenda. Starfsfólk hefur fengið kynningu á Lotukennslu. Auk þess hefur verið lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir í lífsleikni og m.a. í gegnum leiklist. Unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar og verið að innleiða Leiðsagnarnám og kennsluáætlanir unnar í samræmi við það og birtar nemendum og foreldrum. Í gegnum Leiðsagnarnám er áhersla á að virkja nemendur til ábyrgðar á eigin námi. Nemendur í Djúpavogsskóla eru með daglega samveru fasta í stundartöflu þar sem áhersla er á að efla félagsfærni, seiglu og vaxandi hugarfarar.</p>				<p>þáttum sem skólinn hefur sett sem viðmið. Viðhorf nemenda mæld í Skólapúlssi á hverju ári og í samtölum með stjórnendum í maí 2021, 2022 og 2023.</p> <p>Núverandi staða: Viðhorf nemenda mæld í Skólapúlssi og niðurstöðum skólaþings. Skólastjóri fundar einnig reglulega með nemendaráði. Kennarar upplýsa stjórnendur um með hvaða hætti unnið er með þessi atriði.</p>	
<ul style="list-style-type: none"> Huga að því að setja teymin ekki of viðmikið hlutverk 	<p>Teymin skila skólastjóra greinagerð um með hvaða hætti þeir vilja sjá vinnubrögð í</p>	Mars 2021	Maí 2023	Skólastjóri.	Vinnufundur í öllum teyminum í maí 2021, 2022 og 2023	Í ferli, vegna Covid-19 færast vinnufundur til september 2021.

<p>meðan verið er að innleiða vinnubrögðin.</p>	<p>teymunum þegar reynsla er komin á teymiskennsluna.</p> <p>Núverandi staða: <i>Á skólaárinu 2021-2022 var mikil mannekla m.a. vegna langtíma veikinda starfsmanna, margir starfsmenn í fæðingarorlofi og ekki var starfandi aðstoðarskólastjóri né virkt stjórnendateymi við skólann. Við þessar aðstæður var mikið álag á skólastjóra og teyminn.</i></p> <p><i>Skólaárið 2022-2023 er öflugt stjórnenda- og stoðþjónustuteymi við skólann og starfsmenn eru að koma til baka úr veikndum og orlofi. Verkskipting teyma er komið í góðan farveg. Teymin funda vikulega og skila inn fundargerð á sameiginlegt svæði starfsmanna. Fyrir skólaárið 2022-2023 fengu teymin stundartöflur þar sem þau fengu svigrúm til að raða innkennslustundum. Skólastjóri ber ábyrgð á því að manna dagleg forföll en í góðri samvinnu við teymin.</i></p>		<p>Núverandi staða: <i>Í ferli og stöðugri þróun.</i></p>	<p>Núverandi staða: <i>Stjórnendateymi og kennarar.</i></p>	<p>Núverandi staða: <i>Endurskoða í maí 2023. Vinnufundir í öllum teymum, rýna í niðurstöður.</i></p>	
---	--	--	--	--	--	--

<ul style="list-style-type: none"> Greina heildrænt kosti og galla þess að vera með mörg tímabelti í skólanum. 	<p>Starfsfólki, nemendum og foreldrum gefin kostur á að ræða kosti og galla mismunandi tímabelta í vinnustofu um skólaþróun.</p> <p>Núverandi staða: Kostir og gallar greindir á starfsmannafundum og skólaþingi og breytingar voru gerðar í samræmi við það fyrir þetta skólaár.</p>	Maí 2021	Maí 2021	Skólastjóri	<p>Vinnufundur með starfsfólki í maí þar sem staðan er endurmetin. Opinn fundur með foreldrum maí 2021.</p> <p>Núverandi staða: Rætt á skólaþingi og á starfsmannafundi í maí 2023. Tekur mið af breytilegum nemendafjölda við skólann.</p>	Í ferli, vegna Covid-19 færirst vinnufundur til september 2021.
<ul style="list-style-type: none"> Efla lesfimi nemenda hjá flestum árgöngum. Klára lestrarstefnu Djúpavogsskóla. 	<p>Áhersla á lestur og unnið með efnistökin í framhaldi í öllum bekkjum í upphafi skóladags, sett inn í stundarskrá nemenda haustið 2021. Áhersla á lestrarþemu tvisvar á önn, stundum þvert á árganga. Áhersla á samstarf milli heimilis og skóla.</p> <p>Núverandi staða: Áhersla á yndislestur í upphafi skóladags í öllum bekkjum. Bætt aðgengi að skólabókasafni og</p>	Janúar 2021	Maí 2023	Skólastjóri og umsjónarkennarar.	<p>Allir nemendur lestrarprófaðir þrisvar á ári. Auk þess í upphafi lestraráherslu verkefna. Stuðst við lesfimirófin.</p> <p>Núverandi staða: Verður endurskoðað í maí 2023.</p>	Í ferli, aukin áhersla á lestur.

	<i>hvat til heimalesturs. Læsisstefna Djúpavogsskóla í vinnslu og verður kláruð á vorönn 2023 og birt á heimasíðu. Gera þarf aðgerðaráætlun fyrir hvern og einn árgang.</i>		<i>Í góðum farvegi og stöðugri þróun.</i>			
<ul style="list-style-type: none"> Auka markvisst samvinnu og samstarf nemenda í námi. 	<p>Áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir. Kennarar skila kennsluáætlunum til skólastjóra þar sem fram kemur með hvaða hætti áhersla er á samvinnu verkefni og fjölbreytta kennsluhætti. Sjá einnig þá 6 þætti sem unnið er með til að efla gæði náms og kennslu.</p> <p>Núverandi staða: <i>Í góðum farvegi, haustið 2022 við innleiðingu Leiðsagnarnáms skila kennarar kennsluáætlunum til aðstoðarskólastjóra, og kennsluáætlanir eru birtar nemendum og foreldrum á Mentor. Unnið að því að efla nemendafélag og virkni nemenda í nefndum og ráðum.</i> <i>Markvisst unnið að því að styðja nemendur til að taka ábyrgð á eigin námi. Lögð hefur verið áhersla á að bæta námsumhverfi</i></p>	Janúar 2021	Maí 2023	Skólastjóri, Aðstoðarskólastjóri, Umsjónarkennarar.	Endurmetið á vinnufundið kennara í maí 2021, maí 2022, maí 2023. Rýnt í kennsluáætlanir og kynningar teyma á því hvernig þau vinna að því að bæta skólastarfið samkvæmt 6 þáttum sem skólinn hefur sett sem viðmið. Viðhorf nemenda mæld í Skólapúlsi á hverju ári og í samtölum með stjórnendum í maí 2021, 2022 og 2023.	Í ferli, vegna Covid-19 færast vinnufundur til september 2021.
			Núverandi staða: <i>Í stöðugri þróun.</i>	Núverandi staða: <i>Í góðum farvegi</i>	Núverandi staða: <i>Viðhorf nemenda</i>	

	<p>nemenda og útbúa aðstöðu fyrir samvinnu. Á öllum stigum er leitast við að efla nemendur til sjálfstæðra vinnubragða.</p> <p>Í Múlaþingi er starfað ungmennaráð og Djúpavogsskóli á fulltrúa í því ráði.</p>				<p>mæld í Skólapúls og niðurstöðum skólaþings.</p> <p>Skólastjóri fundar reglulega með nemendaráði.</p> <p>Kennarar upplýsa stjórnendur um með hvaða hætti unnið er með þessi atriði.</p>	
<ul style="list-style-type: none"> Huga að leiðum til að auðvelda nýtingu og aðgengi kennara að tækjakosti. 	<p>Búið að koma upp rafrænni skráningu á tækjakosti.</p> <p>Núverandi staða: Búið að koma á rafrænu skráningarkerfi á sameiginlegu svæði starfsmanna. Skrifstofustjóri heldur utan um það skipulag. Búið að samræma stillingar fyrir alla lpada til að auðvelda notkun og nýtingu. Verkefnið unnið með stuðningi fræðslustjóra í Múlaþingi. Búið að tilnefna tengiliði við verkefnið sem sjá um innleiðingu.</p>	Október 2020	Maí 2021	Skólastjóri, Fulltrúi kennara.	Endurmat á teymisfundi í lok skólaárs 2021.	Í ferli, vegna Covid-19 færast endurmat fram á haust september 2021.
<ul style="list-style-type: none"> Kynna nemendum betur markmið náms og tengsl hæfniviðmiða og 	<p>Kennarar setja fram með skýrum hætti hæfniviðmið í kennsluáætlunum og verkefnum og nýta greinanámskrá skólans.</p>	Janúar 2021	Stöðugt í vinnslu og í góðum farvegi.	Skólastjóri og umsjónarkennarar.	Endurmetið á vinnufundi kennara í maí 2021, maí 2022,	Í ferli, vegna Covid-19 færast vinnufundur til september 2021.

